TILLAGA

Alþingi
Erindi nr. Þ 118 /1274
komudagur 24/2 1995

# Frumvarp til laga

## um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95.)

---

1. gr.

Á eftir IV. kafla laganna kemur nýr kafli, V. kafli, **Verðtrygging sparifjár og lánsfjár,** með fimm nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (20. gr.)

Ákvæði kafla þessa gilda um skuldbindingar um sparifé og lánsfé í viðskiptum þar sem skuldari lofar að greiða peninga og þar sem áskilið er að greiðslurnar skuli breytast í hlutfalli við verðvísitölu eða gengi erlends gjaldeyris.

b. (21. gr.)

Það er skilyrði verðtryggingar sparifjár og lánsfjár skv. 20. gr. að grundvöllur hennar sé annaðhvort:

1. vísitala neysluverðs sem Hagstofa Íslands reiknar samkvæmt lögum sem um vísitöluna gilda og birtir mánaðarlega í Lögbirtingablaði eða
2. vísitala gengis á erlendum gjaldmiðli eða samsettum gjaldmiðlum sem Seðlabanki Íslands reiknar og birtir mánaðarlega í Lögbirtingablaði. Viðskiptaráðherra setur að fenginni tillögu Seðlabankans nánari ákvæði um gengisvísitölur í reglugerð.

Vísitala sem reiknuð er og birt í tilteknum mánuði gildir vegna verðtryggingar sparifjár og lánsfjár næsta mánuð á eftir.

Seðlabankinn getur að fengnu samþykki viðskiptaráðherra heimilað að fleiri opinberlega skráðar vísitölur en tilgreindar eru í 1. mgr. geti verið grundvöllur verðtryggingar sparifjár og lánsfjár.

Seðlabankinn skal að fengnu samþykki viðskiptaráðherra ákveða lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og lána. Bankinn getur jafnframt að fengnu samþykki ráðherra ákveðið að vextir verðtryggðra innstæðna eða lána skuli vera óbreytanlegir á lánstímanum.

c. (22. gr.)

Þegar skuldbindingum með ákvæðum um verðtryggingu er þinglýst hjá sýslumönnum skulu þeir gæta þess að ákvæðanna sé getið í veðmálaskrám og að þær komi fram á veðbókarvottorðum.

d. (23. gr.)

Seðlabankinn setur nánari reglur um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Í þeim skal meðal annars kveðið á um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda viðskiptabanka, sparisjóða

consumer price index